

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 64/2023

2023/EES/77/36

frá 17. mars 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2407 frá 20. september 2022 um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB í því skyni að laga viðaukana að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13c (tilskipun ráðsins 2008/68/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 L 2407**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2407 frá 20. september 2022 (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 64).“

2. gr.

Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2022/2407, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 64.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.